



ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1092. tbl - 23. árg.

7. desember 2023



Ljós tendruð á fyrsta sunnudag í aðventu



*Jóla-
kveðjur
í Jökul*

Við erum að taka á móti
jóla-
kveðjum í jólablað Jökuls.
Vinsamlegast hafið samband

**fyrir föstudag
15. desember**

steinprent@simnet.is og 436 1617



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Fyrsta sunnudag aðventu bar upp þann 3. desember síðastliðinn og að venju voru ljós á jólatrjám víða um land tendruð. Engin undantekning var á í Snæfellsbæ en bæjarbúar komu saman við nýuppsett jólatrén á Hellissandi og í Ólafsvík og fylgdust með þegar jólaljósín voru tendruð en það voru börn í 1. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar sem fengu heiðurinn af að kveikja

ljósín. Jón Haukur Hilmarrson lék á gítarinn og söng jólalög og bæjarbúar tóku undir og dönsuðu í kringum jólatréð. Jólasveinarnir mættu á svæðið og skemmtu sér með börnunum, tóku nokkra hringi í kringum jólatrén og kvöddu að lokum yngstu kynslóðina með sælgæti og mandarínnum við mikinn fögnuð barnanna.

SJ

Fimm rithöfundar lásu úr bókum sínum

Árlega bókaveislan í félagsheimilinu Klifi fór fram þriðjudaginn 28. Nóvember. Eins og venja er fyrir stóðu nemendur í 10. bekk að kynningu á rithöfundum en þetta er í 19. skiptið sem bókaveislan er haldin með þessu sniði. Rithöfundarnir sem tók þátt í kvöldinu í ár voru Auður Jónsdóttir, Auður Ava Ólafsdóttir, Vilborg Davíðsdóttir, Þórarinn Eldjárn og Sævar Helgi Bragason. Þau lásu upp úr bókun sínum sem er ný búið að gefa út. Nemendur úr 10. bekk sömdu og fluttu skemmtilegar kynningar áður en rithöfundar stigu í pontu.

Bókaveislan er áttahagafræðiverkefni 10. bekkjar þar sem áhersla er lögð á að tengja saman skóla og samfélag. Bókaveislan er fyrir löngu orðinn ómissandi hluti af aðventunni hjá íbúum Snæfellsbæjar.

JJ



Útgáfa Jökuls á næstunni

Næsta tölublað Jökuls kemur út 14. desember

Jólablað Jökuls kemur út fimmtudaginn 21. desember, efni, jólakveðjum og auglýsingum þarf að skila fyrir kl. 17 föstudaginn 15. desember.

Á milli jóla og nýárs kemur Jökull út fimmtud. 28. des., efni og auglýsingum þarf að skila fyrir kl. 16 miðvikudag 27. des.



STEINPRENT

436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Piparkökur bakaðar í grunnskólanum



Piparkökudagurinn í Grunnskóla Snæfellsbæjar norðan heiðar var haldinn laugardaginn 2. desember síðastliðinn. Báðar starfstöðvar voru opnar og var fjölskyldum frjálst að mæta á þeim tíma sem þeim hentæði. Foreldrafélagið seldi piparkökudeig í staðnum en bekkja-

rád sá um að baka kökurnar þegar þær höfðu verið flattar út og mótaðar. Boðið var upp á kaffi, djús og glassúr til þess að skreyta kökurnar með. Nemendur hlakka alltaf til piparkökudagsins og hefur mætingin verið mjög góð undanfarin ár.

JJ



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



TÓNLISTARSKÓLI
SNÆFELLSBÆJAR

Jólatónleikar & Innritun

Jólatónleikar Tónlistarskóla Snæfellsbæjar

verða haldnir sem hér segir:

Mánudaginn 11. des. í Klifi kl.17:00
Miðvikudaginn 20. des. á Lýsuhóli kl.13.00

Jólatónleikar fullorðinna nemenda
Tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða
mánudaginn 4. des.
í Ólafsvíkarkirkju kl. 19:00.

Foreldra- og styrktafélag Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
sér um sölu á kaffiveitingum
eftir tónleikana 11. desember.

Verð á kaffiveitingum er 1.000 kr. fyrir 12 ára og eldri.
500 kr. fyrir yngri en 12 ára og frítt fyrir nemendur.

*Kennarar og skólastjóri óska öllum íbúum Snæfellsbæjar
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

Innritun í skólavistun Tónlistarskóla Snæfellsbæjar fyrir vorönn 2024

fer fram í Ólafsvík
í desember.

Það er hægt að hringja í síma 433 9928
eða senda tölvupóst: tonlistarskoli@snb.is



Útskornir staurar við djúpalónssand



Stokkar og Steinar er fyrirtæki sem sérhæfir sig í landslagsarkitektúr, hleðslu og tálgun úr við. Þessa dagana hefur hleðslumeistarinn og eigandi fyrirtækisins, Guðjón Stefán Kristinsson verið að vinna að lagfæringu á göngustígnum niður á Djúpalónssand og á gönguleið milli Djúpalóns og Dritvíkur. Hefur hann verið að vinna að handriði niður Nautastíginn sem liggur niður á

Djúpalónssand og er handriðið úr útskornum staurum. Svæðið er því orðið að lifandi listaverki sem bætir í flóru viðkomustaða í Snæfellsjökulsþjóðgarði. Að sögn Guðjóns fékk hann innblástur fyrir listaverkin úr dulmögnum umhverfi Snæfellsness, náttúrunni, geimverum, Bárði Snæfellsás og öðrum tröllum og álfum.

JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111

Héraðsmót í skák

Þann 1. desember var haldið Héraðsmót í skák í grunnskóla Grundarfjarðar. Fjölmargir iðkendur af öllu Snæfellsnesi tóku þátt í mótinu og var gleðin allsráðandi. Komu krakkarnir fram af mikilli virðingu en keppnisskapið fékk að njóta sín líka. Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum, í eldri flokki drengja var Stefán Karvel Kjartansson í 1. sæti, Stefán Arnar Jóhannsson í 2. sæti og Sindri Snær Hinriksson í 3. sæti. Í eldri

flokki stúlkna var Hrafney Dóra Sveinsdóttir í 1. sæti og María Dís Eymarsdóttir í 2. sæti. Gunnar Smári Ragnarsson hrepti 1. sæti í yngri flokki drengja, þá var Víglundur Orri Heimisson í 2. sæti og Sævar Hjalti Þorsteinson í því 3. Að lokum endaði Elma Lís Scheving í 1. sæti í yngri flokki stúlkna, Telma Dís Ásgeirsdóttir í 2. og Friðmey Ósk Fannarsdóttir í 3. sæti. Að mótinu loknu var öllum keppendum boðið í pizza-

veislu. Mótið gekk vonum fram- ar og var ákveðið að gera það ár- legt. Skákin fer ört vaxandi og sí- fellt bætist í hóp þeirra sem iðka

hana, bæði hjá yngri kynslóðinni og þeirri eldri. Framtíðin er björt í skák á Snæfellsnesi.

SJ



Getraunir 1x2

Félagsnúmer Víkings - 355

Símanotkun í skólum

Í október 2023 framkvæmdi umboðsmaður barna könnun meðal allra grunnskóla á landinu þar sem spurt var um reglur varðandi farsíma í skólum. Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í skýrslu um stöðu barna sem var lögð fram fyrir barnaþing 2023. Af þeim 129 skólum sem svöruðu könnuninni voru reglur um símanotkun í 126 skólum og nemendur höfðu komið að gerð reglnanna í 72 þeirra. 54% skólanna sem svöruðu könnuninni leyfa síma á skólatíma en þó flestir með einhverjum takmörkunum. Þá segja þeir skólar sem leyfa takmarkaða símanotkun að markmið með notkun síma í skólanum sé að nemendur fái kennslu um notkun tækjanna og læri að nýta sér tæknina til gagns. Nokkur samhljómur var í svörum um mikilvægi þess að reglur um símanotkun á skólatíma væru samdar í samráði við starfsfólk, nemendur og foreldra en niðurstöður könnunarinnar bera það með sér að nær allir grunnskólar hafi

sett reglur um notkun farsíma. Er það von umboðsmanns barna að nemendur taki ávallt þátt í því að endurskoða og semja slíkar reglur í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans þar sem það er réttur barna að vera höfð með í ráðum og skylda stjórnvalda að veita þeim raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif. Þá minnir umboðsmaður barna á að skólar gegna lykilhlutverki í því að efla börn til lýðræðislegrar þátttöku. Grunnskóli Snæfellsbæjar hefur verið símalaus skóli frá því í apríl 2022. Kom símabannið til vegna trúflunar frá símunum, bæði í kennslustundum og í frjálsum tíma. Skólinn fékk nemendur í lið með sér við að bæta aðstöðu í frímínútum og er mikið líf í skólanum á milli kennslustunda núna. Grunnskóli Grundarfjarðar hefur einnig verið að prófa sig áfram með hertari reglum á skólatíma í samvinnu við nemendur.

SJ

Kökubasar Ungmennaráðs Snæfellsbæjar

6. DESEMBER KL.
16:00 Í KASSANUM.



HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ
YKKUR!

Lokahóf Reynis, nýr þjálfari og ný stjórn

Lokahóf Reynis var haldið nýlega í Frystiklefanum. Þar fögnuðu leikmenn, stjórn og aðrir aðstandendur liðsins saman tímabilinu sem er að ljúka og var gleðin og vináttan við völd eins og gengur og gerist hjá félagi fólksins.

Veitt voru verðlaun til leikmanna til bestu og efnilegustu leikmannanna auk annarra skemmtilegra viðurkenninga.

Verðlaun fyrir leikmann ársins hlaut Úlfar Ingi Þrastarson, Kristall Blær Barkarson var valinn efnilegasti leikmaðurinn og framfarir ársins átti Dawid Zuk. Þá fékk Benedikt Osterhammer verðlaun fyrir mark ársins og viðurkenningu fyrir tiskumógúl ársins fékk Hreinn Ingi Halldórsson fyrir nafnalokk og geirvörtupinna.

Árið hefur verið viðburðaríkt

hjá liðinu og fyrir stuttu var Einar Magnús Gunnlaugsson ráðinn sem nýr þjálfari liðsins. Þar að auki var skipað ný stjórn og sitja nú Kári Viðarsson, Þórey Úlfarsdóttir, Íris Ösp Hreinsdóttir, Ólafur Helgi Ólafsson og Gunnar Örn Arnarson í stjórn félagsins.

Kári Viðarsson segir bjart framundan hjá Reyni og að mikill hugur sé í mönnum að skipta upp um nokkra gíra og koma dýrvitlausir og gargandi hressir inn í næsta tímabil.

SJ



Aðventuhátíð Kvenfélags í Ólafsvíkirkirkju



Aðventuhátíð Kvenfélags Ólafsvíkur var haldin á fyrsta í aðventu í Ólafsvíkirkirkju. Mikil vinna fór í undirbúning hátíðarinnar og var afraksturinn eftir því. Svanhildur Pálsdóttir var kynnr kvöldsins og hún las einnig jólasögu. Ísabella Hall Guðmundsdóttir kveikti á spádómskertinu og söng salurinn lagið „Við kveikjum einu kerti á“ meðan. Margrét Eva Einarsdóttir flutti skemmtilega hugvekju um undirbúning jóla og stress-

ið sem því fylgir. Það var ágæt áminning fyrir komandi tíma. Skólakór Snæfellsbæjar fluttu nokkur lög og nemendur úr Tónlistarskóla Snæfellsbæjar spiluðu lög á píanó og blokkflautu. Allir flytjendur stóðu sig með þrýði og áttu gestir saman notalega stund. Sr. Ægir Þór Sveinsson fór með bæn að lokum og buðu svo Kvenfélagskonur upp á kaffi, djús og ljúffengar smákukur.

JJ

Miðsvæði á Hellissandi, lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags við Klettsbúð

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum 7. desember 2023 lýsingu og matslýsing fyrir gerð nýs deiliskipulags á miðsvæði á Hellissandi vegna fyrirhugaðrar stækkunar hótels skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið er innan miðsvæðis M-1 í gildandi aðalskipulagi en þar eru nú 20 herbergja hótél. Í tillögunni er gert ráð fyrir að lóðir nr. 7A og 9 við Klettsbúð verði sameinaðar þannig að til verði 4.396 fm lóð. Þá er miðað við í tillögunni að núverandi bygging hækki um eina hæð og verði þrjár hæðir. Norðan við núverandi byggingu er nýr byggingarreitur en þar er áætlað að reisa 2.050 fermetra að samanlögðum gólfleti á tveimur hæðum með möguleika á þriðju hæð á hluta nýbyggingar síðar. Áætlað er að gistrýmum muni fjölga úr 20 í 92 gistrými.

Hægt er að skoða lýsinguna á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri: 953/2023. Á tæknideild Snæfellsbæjar er hægt að fá kynningu á lýsingu og matslýsingu eftir nánara samkomulagi.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða umsagnir vegna lýsingar fyrirhugaðs deiliskipulags frá 8. desember 2023 til og með 8. janúar 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á www.skipulagsgatt.is á málsnúmer: 953/2023.

Ragnar Már Ragnarsson
Forstöðumaður tæknideilda Snæfellsbæjar



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

FSN tók þátt í nýsköpunarhraðli

Nemendur í Fjölbrautaskóla Snæfellinga tóku á dögunum þátt í MEMA 2023. MEMA er nýsköpunarhraðli fyrir framhaldsskólanemendur þar sem þeir vinna að því að þróa hugmyndir

sínar og koma þeim í verk í formi frumgerðar. MEMA er stytting á MenntaMaskína og fá nemendur tækifæri til að nýta hugvit sitt til að leita lausna í þverfaglegu samstarfi við t.d. Fab Lab, Há-

skóla Íslands, sérfræðinga og aðila úr atvinnulífinu. Á hverju ári er þema valið út frá Heimsmarkmiðum sameinuðu Þjóðanna og var þemað í ár "líf í vatni". Fjórtaán lausnum var skilað inn til dóm-

nefndar. Nemendurnir sem tóku þátt fyrir hönd Fjölbrautaskóla Snæfellinga voru þeir Dominik Wiszniewski, Emil Jan Jacunsk, Emil Áskelsson, Hjálmar Ingi Hjaltalín og Ásgeir Hjaltason. Þeirra framlag var íþróttadrykkur sem er unninn úr þara en þarinn eykur næringargildi drykkjarins. Drykkurinn fékk nafnið KELP co. Við undirbúning vörunnar fóru nemendur í fyrirtækjaheimsókn í þangverksmiðjuna ISEA í Stykkishólmi ásamt kennara áfangans, Gunnlaugi Smárasyni.

JJ



Vignir aðstoðarþjálfari Stjórnunnar



Ólsarinn Vignir Snær Stefánsson hefur nú verið ráðinn sem aðstoðarþjálfari kvennaliðs Stjórnunnar í Knattspyrnu. Í kvennaliði Stjórnunnar voru fyrir tveir Ólsarar en það eru þær Sædís Rún Heiðarsdóttir og Eyrún Embla Hjartardóttir. Vignir hefur verið aðstoðarþjálfari kvennaliðs KR, kvennaliðs Gróttu og hefur hann einnig þjálfar yngri flokka Gróttu

og KR. Vignir spilaði sjálfur Knattspyrnu með meistaraflokki Víkings Ó. og Þór frá Akureyri. Vignir er með MS-gráðu í íþrótt- og heilsufræði, BS-gráðu í næringarfræði og með jógakennararéttindi. Á næsta ári mun hann ljúka UEFA A-þjálfaragráðu. Við óskum Vigni Snæ til hamingju með nýja starfið.

JJ

ÞESS MINNST AD FIMM AR ERU SIDAN
SOKN HL. FRANS FRÁ ASSISI VAR STOFNUD

TÓNLEIKAR

Meistari Marcin Dominik Gluch

14. desember kl. 18:00
í Grundarfjarðarkirkju

16. desember kl. 18:00
í Vinaminni, Akranesi

Sunnudaginn 17. desember kl. 18:00
í Stykkishólmskirkju

EFNISSKRÁ:

F. Chopin	2 Nocturnur op. 32
	2 Valsar op. 69
I. Krzyzanowski	Elegie a- moll op. 24
J. Nowakowski	Ballade d- moll op. 64
Sv. Sveinbjörnsson	Pastorale
	Impromptu Nocturne
	Íslensk Rhapsodia nr. 2
Arr. S.S. Birgisson	í Laugarnesi
	Samsöngur
Z. Stojowski	5 Miniatur op. 19
J. Leifs	Ísländische Tänze op. 11
R. Statkowski	Chansons libre op. 15

Ennfremur jólasöngvar

Upplýsingar: Séra Damian Tel. 8506867

Þóku hl. Frans frá Assisi

Jökull Bæjarblað

steinprent@simnet.is

436 1617

Viðskiptahraðallinn Vesturbrú


Vesturbrú er sex vikna hraðall fyrir verkefni sem stuðla að sjálfbærri framtíð Vesturlands og leggur áherslu á nýjar hugmyndir og þróun fjölbreytts atvinnulífs. Viðskiptahraðallinn er fyrsti sinnar tegundar á Vesturlandi og er markmið hans að efla sköpunarkraft og frumkvöðlastarf á Vesturlandi, tengja fólk saman og stuðla að nýjum verkefnum og verðmætasköpun á svæðinu. Viðskiptahraðallinn er ætlaður frumkvöðlum, nýjum fyrirtækjum og nýsköpunarverkefnum innan rótróinna fyrirtækja á Vesturlandi sem eru komin af hugmyndastigi og vilja komast lengra með sín verkefni. Verkefnið er samstarfsverkefni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Nývest og Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi og er styrkt af Sóknaráætlun Vesturlands. Það er unnið í samvinnu við RATA sem hefur undanfarin ár unnið að því að styðja við umhverfi frumkvöðla á Íslandi og hefur m.a. haldið utan um viðskiptahraðlana Sóknarfæri á Suðurlandi og Vaxtarými

í Norðanátt á Norðurlandi. Nýsköpun í vestri er samstarfsverkefni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Nývest og Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi. Umsóknarfestur í hraðallinn var til 15. nóvember, margar umsóknir bárust og augljóst að Vesturlandi iðar af lífi og sköpunarkrafti. Á næstum vikum

munu 10 teymi njóta leiðsagnar og samveru en hraðallinn er sérhannaður með þarfir þátttökuteymanna í huga, þannig hafa teymin áhrif á fræðsluna sem stendur þeim til boða. Á meðal þessara tíu teyma eru Bjargarsteinn með nýsköpun innan fyrirtækisins sem felst í framleiðslu á ýmsum matvælum svo sem víni, snakki og

ís og unnin eru úr staðbundnum hráefnum og Snæfellsnes Adventure sem stefnir að sérhæfingu í móttöku farþega skemmtiferðaskipa með sjálfbærni, fjölgun atvinnutækifæra og hag samfélagsins að leiðarljósi.

SJ



25. nóvember – 10. desember

ÞEKKTU RAUÐU LJÓSIN

SOROPTIMISTAR HAFNA OFBELDI

Andlegt ofbeldi
Hótanir, niðurlæging og þér látið líða illa, bæði með orðum og hegðun. Stjórnum og einangrun frá vinum og fjölskyldu, afbrýðisemi. Svefn truflaður, þér bannað að stunda vinnu eða skóla. Miklar skapsveiflur, reiði og óskur. Reynt að stjórna með sjálfsvígshótunum, fjölu eða þögn. Gaslýsing „síðlaus samskipti“ svo þú ferð að efast um eigið minni og upplifanir. „Þú ert geðveik“ er dæmi um ásakanir frá fólki sem beitir slíku ofbeldi. Afalratengsl þar sem fólk upplifir sig fast í ofbeldissambandi og er talin trú um að það sé einskis virði.

Líkamlegt ofbeldi
Þegar einhver meidir þig með því að hrinda, klipa, ýta, sparka í, lemja, brenna, drekka, kæfa, kyrkja eða tekur þig hálastaki. Frelsisvipting eða hótanir með svipbrigðum eða með því að sýna hnefann.

Kynferðislegt ofbeldi
Þegar kynfrelsi þitt er ekki virt, þvingun til kynferðislegra athæfa, pressað á/soðað/hótad, vaknað við nauðgun eða annað kynferðislegt athæfi, byrjun. Kynferðislegt tal eða orð gegn þínum vilja.

Fjárhagslegt ofbeldi
Persónulegir munir eru skemmdir eða eyðilagðir. Sameiginlegir fjármunir skertir eða skammtaðir. Upplýsingar um fjárhagslega stöðu ekki veittar.

Stafrænt ofbeldi
Netofbeldi, þegar einhver notar tækni eða tæki til að fylgjast með þér, hóta, ógna, áreita eða niðurlægja. Kynferðislegt stafrænt ofbeldi er myndbirting eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.

Eltihrellir
Viðhefur stöðugt áreiti með skilaboðum, símtölum og heimsóknum. Eltir eða situr fyrir manneskju gegn vilja hennar, njósnar og ofsækir. Staðsetningarbúnaði komið fyrir í síma eða ökutækni.

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is




Öryggis - og vinnufatnaður



Við hönnum og framleiðum öryggis- og vinnufatnað undir merkjum Mar Wear.

Við þekkjum íslenskar aðstæður vel og tökum mið af þeim í allri hönnun á Mar Wear fatnaði.

Boðið er upp á öryggis- og vinnufatnað fyrir m.a sjómenn, matvælavinnslur, bændur og iðanarmenn.



Ægir vinnusamfestingur

Öflugur vinnusamfestingur sem hentar t.d vel fyrir verkstæðisvinnu og landbúnað.



Ægir loðfóðraður kuldagalli

Vatnsheldur klassískur kuldagalli á flottu verði!
Polir allt að 30 gráðu frost.



Ægir vatnsheldur jakki

Léttur og lípur regnjakki fær í ýmis konar verkefni.



Ægir regnsett (stakkur & buxur)

Klassískt, létt og sterkt regnsett. Flott vara á flottu verði.



Mar Wear hanskar fyrir vinnandi hendur!

Öflugir vinnuhanskar í úrvali.



Ægir vatnsheldar mittisbuxur

Viðsnúanlegar regnbuxur. Styrking á skálmum og klofi. Stillanleg axlabönd.